

594. fundur

Þriðjudaginn 22. desember 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR boðaði forföll
Baldur Arnar Sigmundsson ANR var í fríi.

1. Fundargerð 593. Samþykkt án athugasemda.
2. Úthlutun tollkvóta vegna innflutnings á blómum. Mánudaginn 21. desember 2015 rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna fyrri hluta ársins 2016. Niðurstöður útboðsins voru eftirfarandi: Fimm tilboð bárust í tollkvótann.

Mánudaginn 21. desember síðastliðinn rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna fyrri hluta ársins 2016.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9091) samtals 3.800 stk., á meðalverðinu 102 kr./stk. Hæsta boð var 125 kr./stk. en lægsta boð var 75 kr./stk. Tilboði var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 2.200 stk. á meðalverðinu 117 kr./stk.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9093) samtals 4.500 stk., á meðalverðinu 112 kr./stk. Hæsta boð var 135 kr./stk. en lægsta boð var 95 kr./stk. Tilboði var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 3.000 stk. á meðalverðinu 120 kr./stk.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á rósum (0603.1100) samtals 4.350 stk., á meðalverðinu 45 kr./stk. Hæsta boð var 50 kr./stk. en lægsta boð var 40 kr./stk. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 2.000 stk. á meðalverðinu 50 kr./stk.

Tvö tilboð bárust um innflutning á tryggðablómum (0603.1400) samtals 9.400 stk., á meðalverðinu 9 kr./stk. Hæsta boð var 50 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboði var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 9.000 stk. á meðalverðinu 10 kr./stk.

Fjórar umsóknir bárust um innflutning á afskornum blómum, (0603.1909) samtals 123.325 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 166.250 stk. Úthlutað var án útboðs.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Blómstrandi pottaplöntur janúar - júní 2016

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
600	Garðheimar – gróðurvörur ehf
1.600	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Aðrar pottaplöntur janúar – júní 2016

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
500	Garðheimar – gróðurvörur ehf
500	Grænn markaður ehf
2.000	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Rósir janúar – júní 2016

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
298	Blómabúð Akureyrar ehf
1.702	Grænn markaður ehf

Tryggðablóm janúar – júní 2016

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
400	Blómabúð Akureyrar ehf
8.600	Samasem ehf

(Annars) afskorin blóm janúar – júní 2016

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
3.325	Blómabúð Akureyrar ehf
10.000	Garðheimar gróðurvörur ehf
60.000	Grænn markaður ehf
50.000	Samasem ehf

3. Miðvikudaginn 16. desember 2015 rann út umsóknarfrestur í tollkvóta vegna innflutnings á smurostum frá Noregi, fyrir tímabilið janúar – desember 2016, samtals 13.000 kg, sbr. reglugerð nr. 1092/2015.

Ein umsókn barst um innflutning á smurostum frá Noregi, (0406.3000) samtals 5.000 kg. og náðu umsóknir ekki tilteknu magni sem í boði var eða 13.000 kg. Úthlutað var án útboðs.

Smurostar frá Noregi

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Íslenskar matvörur ehf

4. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum samkvæmt viðauka IVA og IVB við tollalög. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til umsagnaraðila.

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sbr. 5. gr. laga nr. 160/2012 um breytingar á lögum nr. 99/1993 og tollalögum nr. 88/2005, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra varðandi úthlutun á tollkvótum.

Úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum samkvæmt viðauka IVA og IVB við tollalög:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magnatollar
Tollskrárnúmer:			kg/stk.	%	kr./kg/stk.
0208.9003	Rjúpur, frýstar	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, frýst	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	878
	<i>Hreindýrakjöt með beini, frýst:</i>				
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0208.9009	Annað	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	878
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.16	ótilgr.	0	48
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísar-fuglablóm)	01.05.-30.11.16	ótilgr.	0	48
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	01.02.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	28.12.15-30.06.16	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea var. Ita.)	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	31.03.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.01.-30.06.16	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni Agaricus	01.01.-31.12.16	ótilgr.	0	80

Rökstuðningur:

Með tillögunni er verið að leggja til við ráðherra að auglýsa opinn tollkvóta vegna innflutnings á tilteknum landbúnaðarvörum svo sem verið hefur á undanförunum árum, en úthlutunin er samkvæmt viðaukum IVA og IVB við tollalög.

5. Tekið var fyrir tollkvótar á kartöflusnakki í tollskrárnúmeri 2005.2003 sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hyggst úthluta í byrjun næsta árs. Rætt var um nýjar lagabreytingar um niðursneyddar kartöflur, en þar voru tollar felldir niður á framangreindu tollskrárnúmeri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.